

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 276/2019****2020/EES/14/04****frá 13. desember 2019****um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/990 frá 17. júní 2019 um breytingu á skránni yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í II. viðauka við tilskipun ráðsins 2008/72/EB og í viðaukanum við tilskipun ráðsins 93/61/EBE ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verzlun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (tilskipun ráðsins 2002/55/EB) í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 L 0990**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/990 frá 17. júní 2019 (Stjttð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 14).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdartilskipunar (ESB) 2019/990, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*)*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 14.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.